

MEGINÁHERSLUR OG HUGTÖK: TÚLKUN SAMNINGS SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA UM RÉTTNDI FATLAÐS FÓLKS

Laufey E. Löve, doktor í fötlunarfræði
Lektor við Menntavísindasvið HÍ

Megináherslur og sjónarhorn

- **Félagslegt sjónarhorn á fötlun** – að það sé samfélagið og ríkjandi viðhorf sem skapi hindranir sem komi í veg fyrir fulla og virka þátttöku fatlaðs fólks til jafns við aðra þegna
- Það sé samfélagið sem þurfi að breytast þannig að hindrunum sé rutt úr vegi
- **Mannréttindasjónarhorn á fötlun** – bætir við áherslu á réttindi og ítrekar að skyldan liggi hjá stjórnvöldum við að ryðja úr vegi hindrunum og tryggja réttindi fatlaðs fólks til jafns við aðra
- Lykilatriði við túlkun samningsins er að horfa á hann sem í heild og hvernig greinar hans tengjast og byggja hver á annarri
- Samningurinn endurspeglar sjónarhorn réttindasamtaka fatlaðs fólks
- Fatlað fólk var virkir þátttakendur í að skrifa samninginn
- Mikið af texta samningsins kemur frá fulltrúum hagsmuna- og réttindasamtaka fatlaðs fólks
- Nauðsynlegt að rifja upp þau grundvallarmarkmið og hugtök sem samningurinn hvílir á

Gagnrýnt sjónarhorn fötlunarfræðinnar

- Stjórnvöld bera ábyrgð á framkvæmd samningsins, að tryggja raungeringu þeirra réttinda sem hann kveður á um
- Túlkun þó ekki bara skilin eftir í höndum stjórnvalda
- Nefnd samningsins – UN Committee on the Convention on the Rights of Persons with Disabilities
- Hlutverk:
 - Leiðbeina ríkjum varðandi túlkun ákvæða samningsins
 - Fylgjast með innleiðingu samningsins, þ.e. hvernig þeim ríkjum sem hafa fullgilt samninginn gangi að uppfylla þær skyldur sem þau hafa tekist á hendur
 - Ríki þurfa að senda nefndinni skýrslur um stöðu mála
 - Nefndin gefur síðan út ábendingar og tillögur um úrbætur

Mikilvægi þekkingar á grunngildum við útfærslu og þýðingu

- Dæmi um breytingar á texta í fimmtu þýðingu samningsins:
 - Ekki lengur talað um frávík í tengslum við fatlað fólk, heldur um virðingu fyrir fjölbreytni (ensk útgáfa – respect for difference)
 - Nú talað um ferðafrelsi, ekki umferðafrelsi eins og gert var í fyrri þýðingum
 - Nú talað um öryggi einstaklingsins, ekki mannhelgi, þegar verið er að þýða „security of the person“
 - Nú er talað um heilbrigði en ekki heilsu líkt og í fyrri þýðingum
- Skiptir höfuðmáli að þekkja sögulegan bakgrunn baráttunnar og hvaða undirliggjandi fordómar hafa skert möguleika fatlaðs fólks til jafnrar þátttöku

Lykilhugtök: sjálfræði

- Rétturinn til að taka ákvarðanir sem varða eigið líf
- Réttur sem kemur fram í 3. grein samningsins og 12. grein um rétt sem persóna að lögum
- Af hverju þarf þetta ákvæði?
- Hér þarf að skoða sögulegt samhengi
- 12. greinin, réttur sem persóna að lögum
- Forsenda þess að geta stýrt lífi sínu sjálfur og lifað sjálfstæðu lífi
- Geta tekið lögbindandi ákvarðanir - skrifað undir leigusamning, skráð sig í sambúð eða gift sig, opnað bankareikning, fengið lán, keypt íbúð
- Tökum þennan rétt sem sjálfsagðan, þurfum ekki að sýna fram á getu til að fara með sjálfræði
- Við fáum sjálfræði við ákveðinn aldur

Sjálfræði – stuðningur við að nýta sjálfræði sitt

- Svipting sjálfræðis er lögformlegur gjörningur
- Gerist líka stundum í raun óformlega
- **Hvað með þá sem eiga erfitt með að tjá sig?**
 - Samningurinn segir að það þurfi að veita stuðning við ákvarðanatöku
- **Hvernig á sá stuðningur að vera?**
- Hér kemur nefnd samningsins til aðstoðar og tekur af vafa
 - Slíkur stuðningur á að miða að því að komast að vilja einstaklingsins og veita stuðning við að koma ákvörðun á framfæri sem endurspeglar þann vilja
- Nefndin leggst alfarið gegn „substitute decision making“
- Krefst þess að tekin verði upp „supported decision making,“ þ.e. stuðningur við ákvarðanatöku grundvölluð á vilja einstaklingsins

Sjálfstætt líf – eitt af grundvallarmarkmiðum samningsins

- Að halda lögræði sínu er forsenda þess að geta lifað sjálfstæðu lífi
- Að geta valið sér hvar og með hverjum maður býr
- Að þjónusta sé ekki háð búsetuformi
- Geta nýtt sér alla þjónustu fyrir almenning til jafns við aðra
- Geta fengið aðstoð til að geta stýrt sínu lífi sjálfur, m.a. persónuleg aðstoð
- NPA-þjónusta – notendastýrð persónuleg aðstoð nauðsynleg til að hægt sé að ná fram grundvallarmarkmiðum samningsins, ekki síst réttinum til að taka ákvarðanir um og stýra eigin lífi, og til að lifa sjálfstæðu lífi

Samningurinn myndar heild: greinar hans tengdar innbyrðis og hver annarri háð

- Til þess að tryggja rétt fatlaðs fólks til sjálfstæðs lífs og virkrar þátttöku er nauðsynlegt að virða líka 12. grein sem kveður á um réttinn sem persóna að lögum, þ.e. er að geta skrifað undir samninga, til dæmis stofnað bankareikning, tekið húsnæði á leigu, gengið í sambúð, ráðið sig í vinnu, o.s.frv.
- Sömuleiðis þarf stuðningur við að beita sjálfræði að byggjast á vilja; annars hefur réttur til að lifa sjálfstæðu lífi ekki mikið gildi

Samráð – grundvallaráhersla

- Fatlað fólk tók mikinn þátt í að skrifa samninginn
- Þarf ekki að koma á óvart að hann inniheldur mjög skýra skyldu til að tryggja samráð við fatlað fólk í gegnum hagsmunasamtök þess við gerð laga sem snerta hagsmuni þess
- Skal túlka vítt (nefnd samningsins)
- Íslensk stjórnvöld hafa eftt samráð við fatlað fólk
- Samráð er gríðarlega mikilvægt atriði sem endurspeglar grundvallaráherslu samningsins, að fatlað fólk hafi með eigið líf að segja

Aðgengi – forsenda fullrar og virkrar þátttöku

- Aðgengi til jafns við aðra er grundvallarforsenda fullrar og virkrar þátttöku og nauðsynlegt til að fatlað fólk geti lifað sjálfstæðu lífi
- Krafa á stjórnvöld um að tryggja aðgengi að efnislegu umhverfi, samgöngum, upplýsingum og samskiptum – líka að rafrænum heimi
- Á einnig við um einkaaðila sem bjóða fram aðstöðu og þjónustu sem veitt er almenningi eða er opin almenningi

Aðgengi

- Efnislegur heimur: rampar, aðgengileg salerni, opnanlegar hurðir, lyftur...
- Aðgengi að upplýsingum: textun, táknmálstúlkun, lesgerflar, auðlesinn texti
- Aðgengi að rafrænum heimi sem er að vaxa á ógnarhraða allt í kringum okkur í öllum krókum og kimum samfélagsins
- Gerir miklar kröfur til þegna hvað varðar getu, tíma og að eiga þau tæki sem til þarf
- Eru að verða til nýjar hindranir?
- Gengur gegn samningnum að vera að skapa nýjar hindranir

Algild hönnun, aðlögun og inngilding

- Aðlögun, þegar eitthvað þarf að gera/aðhafast/breyta til að tryggja aðgengi
- Algild hönnun: „merkir hönnun framleiðsluvara, umhverfis, áætlana og þjónustu, sem allt fólk getur nýtt sér, að því marki sem mögulegt er, **án þess að koma þurfi til umbreyting eða sérstök hönnun**“
- Þegar nálgun algildrar hönnunar er beitt, þá er umhverfið, tæki og tól þannig hönnuð frá upphafi að allir geta gert ráð fyrir að þeir geti notað þau
- Útgangspunkturinn er að þarfir allra hafi verið hafðar í huga við hönnunina
- Skilaboðin eru: **þú og fólk eins og þú ert velkomin(n) hér og það var gert ráð fyrir þér og þinni þátttöku frá upphafi**
- Aðlögun, hins vegar, breytir umhverfi þar sem ekki var gert ráð fyrir þér í upphafi en það lagað
- Kjarninn í inngilding: þú ert velkominn og það var gert ráð fyrir því að þú værir þátttakandi

Algild hönnun og inngilding

- Annað sjónarhornið er inngildandi: við gerðum ráð fyrir þér í upphafi
- Hitt leiðréttir þau mistök að það gleymdist að gera ráð fyrir þér
- Viljum senda þau skilaboð að við búum í samfélagi þar sem gert er ráð fyrir margbreytileika mannlífsins í raun, ekki bara eftir á með aðlögun og breytingum
- Inngilding er full og virk þátttaka á eigin forsendum þar sem viðkomandi er gerandi í eigin lífi og getur haft áhrif á umhverfi sitt
- Krefst þess að við raungerum þær grundvallaráherslur sem liggja samningnum til grundvallar

Takk fyrir